

Erindi frá Aftureldingu, Ármanni, Fylki, Gróttu og Stjörnunni.

Félögin óska eftir endurskoðun á leyfiskerfi Fimleikasambandsins vegna koparleyfa fyrir krílahópa. Krílahópar eru þau börn sem eru á aldrinum 2 -5 ára og eru að kaupa sér námskeið í íþróttaskóla félaganna.

Koparleyfi eru samkvæmt reglugerð: Kopar: Fyrir þá iðkendur sem eru 8 ára og yngri og taka þátt í verkefnum tengdum Fimleikum fyrir alla. II. Kafli 2. Grein koparleyfi

Félögin telja að hér sé verið að leggja skatt á börn sem koma í fylgd með foreldrum og fara í gegnum þrautabraut í 8 – 10 skipti á önn. Hér er ekki verið að æfa fimleika og þó að tíminn fari fram í fimleikasal er ekki hægt að setja það í samhengi við fimleikaæfingar.

Krílahópar taka heldur ekki þátt í verkefnum tengdum fimleikar fyrir alla.

Þau falla heldur ekki undir markmið leyfiskerfis fimleikasambandsins nema að einu leiti að fjármagna rekstur sambandsins.

Félögin eru alfarið á móti því að barnastarf fjármagni afreksstarf sambandsins, enda samræmist það ekki reglum innan ÍSí.

Það fer gríðarlegur fjöldi barna um land allt í íþróttaskóla og þó svo að íþróttaskólinn sé í handbolta sal eða fimleikasal segir það ekki til um að barnið sé búið að velja sér íþrótt til framtíðar heldur er það að bæta líkamshreysti og hreyfifærni og hafa gaman.

Umræðan um þjálfaramenntun kemur iðulega upp þegar leyfiskerfið er rætt. Fimleiksambandið er að halda þjálfaranámskeið fyrir þjálfara krílahópa. Við viljum benda á að þjálfarar og stjórnendur íþróttaskóla koma úr öllum íþróttum ekki bara fimleikum. Námskeiðið sem verður haldið núna á haustdögum er einmitt í umsjá íþróttatræðings og körfubolttjálfara.

Til að auka gæði fimleikar viljum við hafa vel menntaða þjálfara. Félögin vilja vel menntaða og góða þjálfara á mannsæmandi launum. Með því verða til betri fimleikar. Fimleikarnir verða ekki bara góðir með góðum landsliðsþjálfurum heldur er vinnan unnin í félögunum sem skilar sér til landsliðsþjálfara sem heldur áfram með þá vinnu. Rekstur fimleikafélaga er gríðarlega erfiður. Þegar börn eru farina að æfa 6 til 8 tíma í viku þá er félagið farið að borga með hverjum iðkanda. Félagið þarf að hafa mjög öflugt yngriflokka starf til að halda úti eldri iðkendum. Það er ekki hægt að leggja á félög endalaus aukin gjöld með hækkandi æfingargjöldum sem foreldrar eru ekki að ráða við að greiða, er fráhrindandi, veldur brottfalli og er ekki að tala fimleikaíþróttina upp til að fjölga iðkendum.